

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Sveitarfélaginu Árborg.

Skógarflöt, L203345, breyting deiliskipulags.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkti á fundi sínum 26. apríl 2023, tillögu að deiliskipulagi fyrir Skógarflöt, L203345.

Breytingin felur í sér að stofnuð verður ný 5.708,5 m² lóð, 9a, og skilgreindur byggingarreitur auk byggingarheimilda fyrir íbúðarhúsi, allt að 300 m², bifreiða- og vélageymslu, allt að 250 m² og hesthúsi allt að 200 m². Nýtingarhlutfall verður að 0,15. Mesta þakhæð verður allt að 8,0 m og þakhalli verður 0-45 gráður. Tillagan var samþykkt í samræmi við 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, og auglýst í samræmi við 41. gr. sömu laga. Athugasemdir bárust og hefur niðurstaða bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Árborgar verið auglýst í samræmi við 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Ofangreind skipulagstillaga hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Selfossi, 22. maí 2023.

F.h. bæjarstjórnar,

Rúnar Guðmundsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 6. júní 2023